



Reykjavík, 13. janúar 2021

Beiðni frá skóla- og frístundasviði um umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla

Efni: Sérhæfð sérdeild fyrir nemendur með einhverfu í Réttarholtsskóla

Frá og með upphafi skólaársins 2020-2021 varð Réttarholtsskóli heimaskóli nemenda sem ljúka 7. bekk í Hvassaleitisskóla. Skólaráð Réttarholtsskóla vill að allir nemendur hafi sömu tækifæri og rétt á að stunda nám í Réttarholtsskóla, þar á meðal nemendur sem stundað hafa nám í einhverfudeild Hvassleitisskóla. Verkefnið kallar á breytingar á stoðþjónustu Réttarholtsskóla þar sem umfangið verður meira en nú er stoðþjónusta skólans starfrækt innan náms- og upplýsingavers. Starfandi deildarstjóri heldur utan um þjónustuna samhliða upplýsinga- og tæknimálum skólans.

Þar sem stofnun deildar fyrir nemendur úr einhverfudeild Hvassaleitisskóla mun auka umfang stoðþjónustu Réttarholtsskóla verulega mun hlutverk deildarstjóra breytast. Skólaráð skólans telur vænlegast að einhverfudeild verði hluti af annarri stoðþjónustu til að kraftar og þekking þeirra sem þar starfa nýtist öllum nemendum. Með tilkomu einhverfudeildar sjáum við tækifæri til að breyta skipulagi, auka gæði og þjónustu enn frekar þar á meðal við nemendur sem þegar eru í skólanum. Í stað þess að bæta við einingu sem vinnur sjálfstætt þá viljum við sjá stoðþjónustu Réttarholtsskóla sem eina heild.

Skólaráð Réttarholtsskóla leggur áherslu á mikilvægi þess að huga vel að húsnæðismálum skólans og að fyrirhuguðum framkvæmdum vegna loftgæða í rými náms- og upplýsingavers verði lokið fyrir sumarleyfi 2021. Mikilvægt er að hægt verði að hefja starfsemi í byrjun skólaárs 2021-2022 og að engin röskun verði á móttöku nemenda og á stoðþjónustu skólans. Jafnframt skal tekið fram að nemendur og starfsfólk skólans býr við mjög þröngan húsakost og brýnt er að laga húsnæðið að núverandi þörfum og til framtíðar. Fyrir liggur að nemendum við Réttarholtsskóla mun fjölga á næstu árum. Takmarkað rými húsnæðis skólans í dag er hamlandi þáttur og stækkun á stoðþjónustu eykur vissulega þörfina á auknu kennslurými og staðsetningu félagsmiðstöðvarinnar Bústaða.

Virðingarfyllst fh. skólaráðs Réttarholtsskóla,

Margrét Sigfúsdóttir skólastjóri.